

**ICEQ verðbréfasjóður**  
**Ársreikningur 2007**

ICEQ verðbréfasjóður  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastj. ....	3	Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	7
Áritun óháðs endurskoðenda .....	4	Yfirlit um fjárfestingar .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur ICEQ er hluti af B-hluta ársreiknings Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. sem inniheldur ársreikning Verðbréfasjóða Kaupþings banka, Fjárfestingarsjóða Kaupþings banka og Fagfjárfestasjóðs Kaupþings banka. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Hagnaður varð af rekstri sjóðsins á árinu að fjárhæð 33 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi og er hagnaðurinn færður til hækkunar á hlutdeildarskírteinum. Eigið fé sjóðsins í lok árs nam 3.874 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Kaupþings banka hf. staðfest hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2008.

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun endurskoðenda

---

Til eigenda hlutdeildarskrifteina í ICEQ.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning ICEQ. Hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2007, efnahagi hans 31. desember 2007 og breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2007, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 28. mars 2008.

**KPMG hf.**

## Rekstrarreikningur 2007

---

	Skýr.	2007	2006
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>	2-4		
Vextir, verðbætur, arður og gengismunur .....		84	397
Vaxtagjöld .....		( 2)	0
Hrein (fjármagnsgjöld) fjármunatekjur .....		82	397
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Umsýsluþóknun .....	5	36	13
Annar rekstrarkostnaður .....		13	2
		<u>49</u>	<u>15</u>
<b>Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini .....</b>		<u>33</u>	<u>382</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2007

	Skýr.	2007	2006
<b>Eignir:</b>			
<b>Verðbréf:</b>			
Hlutabréf .....		3.850	4.727
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		27	29
Eignir samtals 6-10		3.877	4.756
 <b>Skuldir:</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	( 2)	( 2)	
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag .....	( 1)	0	
Skuldir samtals	( 3)	( 2)	
<b>Hrein eign samtals</b>		3.874	4.754
 <b>Eigið fé:</b>			
<b>Hlutdeildarskírteini</b> .....	12-13	3.874	4.754
Hrein eign .....		3.874	4.754
Fjöldi eininga .....		2	2
Gengi sjóðsbréfa í árslok .....		1.982,09	1.982,08

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign 2007

---

	Skýr.	2007	2006
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins færður á hlutdeildarskírteini .....		<u>33</u>	<u>382</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....		6.673	4.446
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(	<u>7.587)</u>	<u>( 1.120)</u>
	(	<u>914)</u>	<u>3.326</u>
<b>Breyting á hreinni eign .....</b>	(	881)	3.708
<b>Hrein eign í ársbyrjun .....</b>		<u>4.755</u>	<u>1.046</u>
<b>Hrein eign í árslok .....</b>		<u><u>3.874</u></u>	<u><u>4.754</u></u>

## Yfirlit um fjárfestingar 31. desember 2007

ICEQ verðbréfasjóður	Nafnverð	Markaðs- verð	% af hreinni eign
<b>Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands</b>			
Kaupþing banki hf. ....	2	1.337	34,5%
Landsbanki Íslands hf. ....	20	725	18,7%
Glitnir banki hf. ....	26	573	14,8%
Straumur Fjárfestingarbanki hf. ....	23	342	8,8%
Exista hf. ....	12	237	6,1%
Bakkavör Group hf. ....	4	227	5,9%
FL Group hf. ....	14	203	5,2%
Atorka hf. ....	7	66	1,7%
Hf. Eimskipafélag Íslands ....	1	41	1,1%
Teymi hf. ....	1	32	0,8%
Önnur félög (3) ....		67	1,7%
 Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....		27	0,7%
 Heildarverðmæti fjárfestinga .....		3.877	100,1%
 Skuldir samtals .....		( 3)	( 0,1%)
 Hrein eign samtals .....		3.874	100,0%



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

1. Ársreikningur Verðbréfasjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Banka hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru almennt metin á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. sem er dótturfélag Kaupþings banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Ársreikningur sjóðsins er ekki hluti af ársreikningi bankans vegna eðli starfseminnar.

### Erlendir gjaldmiðlar

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2007. Rekstrartekjur og rekstargjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

### Vaxtatekjur og vaxtagjöld

3. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti.

### Arður

4. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er samþykkt. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi.

### Umsýsluþóknun

5. Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Kaupþings Banka hf. eignastýringarþóknun sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins, laun starfsmanna rekstrarfélagsins, markaðskostnað og umsýslu en auk þess greiðir sjóðurinn Arion hf. vörsluþóknun. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs, sem hér greinir:

	Eignastýringar- þóknun	Vörslu- þóknun	Kostnaðar- hlutdeild
ICEQ .....	0,40%	0,10%	0,10%

Til viðbótar framangreindri þóknun greiðir sjóðurinn kostnað vegna endurskoðunar og kostnað vegna opinbers eftirlits. Að auki greiðir sjóðurinn 0,1% þóknun til Kauphallar Íslands.

### Fjárfestingar

6. Skuldabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í árslok. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu sem tengist starfseminni.
7. Hlutabréf sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði eru metin á markaðsverði í árslok. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.
8. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildi á markaðnum í árslok.
9. Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok.

## Skýringar, frh.:

---

10. Afleiður eru fjármálasamningar þar sem samnings- eða nafnverðsfjárhæðir eru ekki færðar í efnahagsreikning sjóðanna, ýmist vegna þess að réttindi og skyldur myndast vegna eins og sama samningsins, samningarnir taka ekki gildi fyrr en á árinu 2008 eða eða nafnverðsfjárhæðirnar eru eingöngu notaðar sem breytur við útreikning á öðrum stærðum. Nafnverðsfjárhæðir afleiðusamninga gefa ekki endilega til kynna fjárhæð greiðslna sem þeim tengjast eða áhættu þeirra. Sem dæmi um afleiðusamninga má nefna framvirka gjaldmiðlasamninga, valréttarsamninga, skiptasamninga, framtíðarsamninga og framvirka vaxtasamninga. Verðmæti þeirra getur meðal annars byggst á vaxtahlutföllum og verði gjaldmiðla, vöru, skuldabréfa og hlutabréfa.

Afleiðusamningar sjóðanna eru færðir á markaðsverði. Samningarnir eru notaðir til að verja sjóðina gegn vaxta- og gengisáhættu vegna verðbréfa. Með afleiðusamningum sjóðanna er almennt stefnt að því að draga úr verð-, gengis- og vaxtaáhættu þeirra. Afkoma afleiðusamninga er færð í rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Markaðsáhætta afleiðusamninga skapast vegna breytinga á verði þeirra þátta sem samningarnir byggja á, svo sem vaxtabreytingum eða breytingum á verði gjaldmiðla og skráðra verðbréfa.

## Skattamál

11. Verðbréfasjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innláusn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

## Hlutdeildarskírteini

12. Raunávöxtun verðbréfasjóðs Rekstrarfélags Kaupþings Banka m.v. 31. desember 2007.

	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
ICEQ .....	( 22,2%)	( 26,3%)	( 5,5%)

13. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina.

	Bókfært verðmæti			Gengi		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005
ICEQ .....	3.874	4.754	1.046	1.982	1.982	1.674

## Skýringar, frh.:

---

### 14. Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna og fjárfestingarstefnu.

	Eign	Eign	Breyting	Fjárfestingarstefna	
	2007	2006		Lágmark	Hámark
	%	%	%	%	%
Hlutabréf skráð í Kauphöll Íslands .....	99	99	0	0	100
Aðrir fjármálagerningar .....	1	1	0	0	10

### 15. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Ríki, sveitarfél. eða alþj. stofn.		Hlutabréf		Annað		Samtals	
	kr.	%	kr.	%	kr.	%	kr.	%
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl skráð á skipulegum verðbréfamarkaði .....			3.850	99			3.850	99
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....					27	1	27	1
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>3.850</u>	<u>99</u>	<u>27</u>	<u>1</u>	<u>3.877</u>	<u>100</u>